

Skóla-akur


Vefrit um skólamál 6. tbl. 12. árgangur 27. mars 2018

Hæfileikahátíð í Brekkuskóla.

Daginn fyrir páskafrí héldu nemendur á mið og unglíngastigi hæfileikahátíð þar sem nemendur stigu á stökk með fjölbreytt og skemmtileg atriði. Margir voru að stíga sín fyrstu skref á sviðinu og því var þetta stór áskorun fyrir marga og heilmikill lærdómur sem fólst í þátttökunni. Nemendum var svo boðið í skúffuköku að hátíðinni lokinni.



Verkefni um lýðræði í 5. og 6. bekk Síðuskóla.



Nýverið sá kennaranemi frá Háskólanum á Akureyri um kennslu í 6. bekk og útbjó verkefni um stjórnmál. Hann byrjaði á að kynna ýmis hugtök tengd stjórnmálum og kosningum en helst sveitarstjórnarkosningum þar sem þær eru framundan. Bekknum var skipt upp í sex hópa sem áttu að gera veggspjald með nafni flokks, merki og helstu stefnumálum. Þegar flokkarnir voru tilbúnir fóru þeir inn í 5. bekk og héldu framboðsræðu og veggspjaldin hengd þar upp. Kennarar og nemendur í

5. bekk aðstoðuðu þau með því að ræða stefnumál flokkanna og hvernig lýðræði virkar. Eftir viku umræður var gerður kjörklefi og nemendur 5. bekkjar gengu til kosninga með skipaðan kosningastjóra sem sá um að allt færi fram með réttum hætti. Deildarstjóri sá um að telja atkvæðin úr kjörkassanum. Skemmtilegt verkefni um lýðræði sem nemendur lærðu mikið af.

Árshátíð Naustaskóla.

Fimmtudaginn 22. mars áttu nemendur, foreldrar og starfsfólk Naustaskóla ljómandi góðan dag saman á árshátíðinni. Heilmikill undirbúningur er að baki svona stórum viðburði og árshátíðarundirbúningur hefur litað allt skólastarfið síðustu daga fyrir árshátíð. Það er í mörg horn að líta við að semja atriði, æfa, setja upp, gera búninga og sviðsmyndir, hafa svo generalprufu og láta þetta allt smella saman með þessum fjölda atriða og nemenda.

Á sviðinu unnust óteljandi leiksigrar og leikgleðin var allsráðandi. 10. bekkur var með kaffihlaðborð þar sem foreldrar lögðu til brauðið og gladdi það munn og maga eins og segir á heimasíðu Naustaskóla.

Myndir augnabliksins eru frá árshátíð Naustaskóla



Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Nemendur gegn kynþáttamisrétti.

Á alþjóðlegum degi gegn kynþáttamisrétti gengu nemendur úr Oddeyrarskóla fylktu liði frá skólanum sínum og að Ráðhúsinu til að faðma það. Nemendurnir héldust í hendur góða stund og mynduðu keðju umhverfis húsið.

Alþjóðlegur dagur gegn kynþáttamisrétti er haldinn 21. mars ár hvert. Af því tilefni er um alla Evrópu haldnir viðburðir fyrir fjölbreytileika undir yfirskrifinni Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti. Skilaboðin eru skýr: "Það er bannað að mismuna vegna útlits eða uppruna. Njótum þess að vera ólík og alls konar."



Sögur, verðlaunahátíð barnanna.

Sögur, verðlaunahátíð barnanna verður haldin þann 22. apríl í Eldborgarsal Hörpu og verður í beinni útsendingu á RÚV. Í vetur hefur margt spennandi gerst í nafni verkefnisins Sögur, þar sem lestrargleði og sköpunarhæfileikar barna hafa leitt af sér smásögur, handrit, stuttmyndir, leikrit og bókaormaspjall, auk þess sem í framleiðslu er hjá Menntamálastofnun rafbók með smásögum barna.

Nú stýttist í hátíð þar sem verðlaun verða veitt fyrir verk eftir börn og verk sem fullorðnir hafa skapað fyrir börn. Sögur, samtök um barnamenningu hafa tilnefnt verk eða einstaklinga í mismunandi flokka, s.s. barnabók ársins, sjónvarpsstjarna ársins, lagatexti ársins og barnaleikrit ársins. Bókaverðlaun barnanna, hin árvissu verðlaun Borgarbókasafnsins eru nú hluti af Söguverðlaunahátíðinni.

Öll börn á aldrinum 6 – 12 ára eru hvött til að kjósa sitt uppáhald í hverjum flokki og fer kosningin fram á vef KrakkaRÚV – <http://krakkaruv.is/sogur>. Kosningu á vefnum lýkur mánudaginn 16. apríl.

Páskaföndur, útivera og fleira á Tröllaborgum.

Starfið á leikskóla er mjög fjölbreytt og ýmislegt brasað í leik og starfi. Hér má sjá myndir frá Tröllaborgum af vinastund, útiveru, gönguferð, æfingum með skæri og páskaföndri.



Kiðagil - Góðgerðavika.

Í góðgerðaviku fóru börnin á Sóleyju og bönkuðu upp á í hverfinu og buðu upp á flottan söng fyrir mann og annan, sungu líka fyrir póstin, börn á Tröllaborgum og börnin á Smára.

Virkilega gaman.

